

# Fagráð í hrossarækt

116. fundur

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 24. janúar 2024 og hófst kl. 15:30.

Mætt: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Mette Mannseth og Sveinn Ragnarsson. Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Erlendur Árnason boðuðu forföll.

Friðrik Már Sigurðsson, fagstjóri búfjárræktarsviðs Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, sat fundinn og ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

1. Kynning á verkefninu Sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn
2. Verðskrá kynbótasýninga
3. Kynbótasýningar á LM 2024
4. Tillögur sem liggja fyrir FEIF þingi
5. Önnur mál

*Nanna Jónsdóttir, formaður fagráðs, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði honum.*

## 1. Kynning á verkefninu Sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn

Dr. Þorvaldur Árnason og Gísli Guðjónsson komu til fundar og undir þessum dagskrárlið og kynntu greinargerð um verkefnið Sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn. Verkefnið var styrkt af Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins og unnið af Þorvaldi og Gísla, sem var verkefnisstjóri þess, í samstarfi við Dr. Elsu Albertsdóttur og Þorberg Þorbergsson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Verkefnið byggir á niðurstöðum doktorsverkefnis Elsu „Samþætt kynbótamat kynbóta-, keppnis-, og mætingareiginleika íslenskra hrossa“. Þar þróaði hún aðferðir, lagði fræðilegan grunn og vann líkön fyrir sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn íslenskra hrossa.

Töluverð vinna var í verkefninu við söfnun, mat á gæðum og ritskoðun þeirra gagna sem nýtt voru innan þess. Notuð voru gögn frá WorldRanking íþróttamótum frá árinu 2006 til dagsins í dag, en árið 2006 var innleiddur FIPO leiðari sem samræmði reglur og leiðara við dómstörf. Auk þess voru til viðbótar tekin inn gögn um skeiðkeppnir til að auka upplýsingar um þær. Samstarf var við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um nýtingu gagna úr kynbótadómi sem fengin voru úr WorldFeng.

Þorvaldur og Gísli telja að í verkefninu hafi verið mótað vel ígrundað kynbótamat sem sameinar allar upplýsingar um 18 eiginleika kynbótadóma, 4 samsetta keppniseiginleika (tölt-, fjórgangs, fimmgangs- og skeiðgreinar) og eiginleikann mæting til kynbótadóms eða/og keppni.

Fagráð þakkar Þorvaldi og Gísla fyrir greinargóða kynningu og yfirferð á niðurstöðum verkefnisins. Fagráð telur mikilvægt að haldið verði áfram að rýna niðurstöður þess og í framhaldinu verið teknar ákvarðanir um með hvaða hætti þær yrðu nýttar sem hluti af kynbótamati.

## 2. Verðskrá kynbótasýninga

Fjallað um fyrirhugaða hækkun sýningargjalda á árinu 2024. Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) um að hallarekstur hafi verið á rekstri kynbótasýninga undanfarin ár og að RML hefur sótt um hækkun á sýningargjöldum kynbótahrossa til matvælaráðuneytis. Beiðni til ráðuneytisins um hækkun skýrist af mikilli meðgjöf með rekstri sýninganna, en einnig til að mæta væntanlegri hækkun kostnaðarliða á þessu ári. Beiðni til

matvælaráðuneytis felur í sér að væntanlegt gjald fyrir fullnaðardóm verði kr. 41.250,- m/vsk og gjald fyrir sköpulagsdóm eða reiðdóm verði kr. 31.000,- m/vsk. Þá er gjald vegna WorldFengs innheimt samhliða en það lýtur samþykkis stjórnar FEIF og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og er núna kr. 1400,-.

Fagråd telur mikilvægt að rýna rekstur kynbótasýninga nánar og óskar eftir samtali við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um slíkt og mótun hugmynda um þróun og breytingar á gjaldskrá kynbótasýninga. Fagråd felur Erlendi og Kristbjörgu að vinna málið áfram fyrir hönd ráðsins.

### **3. Kynbótasýningar á Landsmóti 2024**

Fyrir fundinum lá til kynningar skýrsla starfshóps um aðkomu kynbótahrossa að landsmótum og fyrirkomulag sýninga. Starfshópurinn var skipaður af stjórn Hrossabændadeildar Bændasamtaka Íslands og í honum sátu þau Eysteinn Leifsson, ritari og fulltrúi stjórnar, Helga Una Björnsdóttir, Elvar Þormarsson, Guðmundur Sveinsson, Gísli Gíslason og Eyrún Ýr Pálsdóttir.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að starfshópurinn sé á því að núverandi fyrirkomulag dóma og sýninga á landsmótum sé æskilegast og ekki megi draga úr fjölda hrossa né hlut kynbótahrossa í dagskrá mótanna. Mikilvægt sé að vallaraðstæður séu mjög góðar og að haldin sé kynbótasýning á viðkomandi velli að vori landsmótsárs. Einnig sé æskilegt að fulltrúi ræktenda/knappa ætti aðkomu að úttekt á sýningaraðstöðu. Kynningar og upplýsingar til áhorfenda þurfa að vera góðar og vanda verði til við framsetningu á dómsorðum afkvæmahrossa.

Fagråd leggur mikla áherslu á umgjörð kynbótasýninga og verðlaunaafhendinga á landsmótum. Vandað sé til verka við framkvæmdina, vallaraðstæður séu framúrskarandi og kynningar á hrossum til sóma. Fagråd mun taka afstöðu til fjölda og vals kynbótahrossa til þátttöku á Landsmóti 2024 á fundi sínum í febrúar.

### **4. Tillögur sem liggja fyrir FEIF þingi 2024**

Fulltrúabing FEIF verður haldið verður í Lúxemborg dagana 2.-4. febrúar. Á þinginu verður einnig fundur ræktunarleiðtoga aðildarlanda FEIF og mun Friðrik Már Sigurðsson sitja þann fund. Friðrik fór yfir þær tillögur sem liggja fyrir og kosið verður um á þinginu.

### **5. Önnur mál**

Rætt um ritun dómsorða afkvæmahrossa. Í reglum um afkvæmasýningar segir „Dómnefnd skal semja dómsorð er lýsi þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmahópinn“. Fagråd leggur ríka áherslu á að vandað sé til verka við ritun dómsorða, bæði hvað varðar orðaval og framsetningu. Fagråd leggur til að mótaðar verði verklagsreglur um ritun dómsorða afkvæmahrossa. Mikilvægt að þær taki til þess hvernig haga skuli vinnu við ritun þeirra utan stórmóta þar sem engin dómnefnd er að störfum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:40.